



## Efni: Hraunhvammur 8. Umsögn vegna fyrirspurnar um lóðarstækkun.

Þann 25.05.2020 leggur Gunnar Máni Arnarson inn fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa þar sem óskað er eftir að stækka lóð við Hraunhvamm 8 út mót bæjarlandi. Jafnframt er gert ráð fyrir bílastæði innan lóðar. Með erindinu fylgir skissa er gerir grein fyrir erindinu.



Ljósmynd sem fylgdi með erindinu.



Mynd sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu skjólgirðingar

Endurskoðun deiliskipulags er nær til Vesturbæjar er nú í skoðun. Hluti af þeirri vinnu er m.a. að huga að bættu umferðaröryggi og þ.m.t. gerð nýrra og endurbættra gangstétta.

Sú tillaga sem nú er lögð fram fellur ágætlega að fyrirhuguðum tillögum við götuna. Bent skal á að um þetta gilda þó ákveðin viðmið sem hafa skal að leiðarljósi við útfærslu skjólgirðingar og bílastæðis innan lóðar.

Skjólgirðingar á lóðarmörkum við bæjarland skulu ekki vera hærri en 1,4m mælt frá gangstétt/götu og tryggja skal sjónlínur við bílastæði.




## HAFNARFJÖRÐUR

Um slíkt gildir eftirfarandi:


### Bílastæði

Til að tryggja sjónræna tengingu út að götu og göngustíg þegar bifreið er ekið úr bílastæði skal tryggja að grindverk/skjólgirðing eða þ.h. sé ekki hærra en 75cm mælt frá yfirborði götu, innan þeirra marka sem hér verða gerð nánari skil á. Mæla skal frá götubrún að þeim stað sem bílstjóri er staðsettur á stæði 4m (táknað x á skýringarmynd A). Við götubrún skal draga 4m til hliðar (frá um miðju bílastæði). Dregin er lína milli þessara tveggja punkta. Frá horni að þeirri línu má ekki vera sjónræn hindrun. Hámarkshæð veggja / grindverks / skjólveggja eða annars er 75cm mælt frá yfirborði götu.



Skýringarmynd A. Kyrrestæður bíll á leið út á götu frá bílastæði þar sem ekið er yfir gangstíg.  $X=4$  m  $Y=4$  m. Dregin er lína þarna á milli. Ekki má vera sjónræn hindrun innan þess svæðis.

Einnig þarf að huga að hæð skjólgirðinga á hornum við umferðargötur. Um það gildir eftirfarandi:



Skýringarmynd, við gatnamót:  $L1$  er sú fjarlægð sem bifreið þarf m.v. hraða hennar til að stöðva.  $L2$  er staðsetning bifreiðar frá gatnamótum.

Við húsagötur skal miða við að bifreið sé 4 m frá gatnamótum, tákn  $L2$  á skýringarmynd.  $L1$  er fjarlægð bifreiðar á ferð á leyfilegum hraða götu. Sé hámarkshraði í götu 30 skal  $L1$  vera 30m.



## HAFNARFJÖRÐUR

Dregin er lína milli þessara tveggja punkta. Frá götuhorni að þeirri línu má ekki vera sjónræn hindrun.

Hámarkshæð veggja/grindverks/skjólveggja er 75cm mælt frá götu.

Tafla er sýnir hraða bifreiðar í húsagötu, km á klst. og þá sjónrænu tengingu sem þarf að vera til staðar til að tryggja viðbragðstíma sem þarf til að stöðva bifreið á ferð.

HRAÐI BIFREIÐAR KM KLST.	30	40	50	60	70
SJÓNÆN TENGING Í METRUM (L1)	30M	40M	50M	60M	70M
STAÐSETNING BIFREIÐAR FRÁ GATNAMÓTUM (L2)	4M	4M	4M	4M	4M

Leyfður hámarkshraði við Norðurbraut er 30 km/klst.

*Mælt er með að tekið verði jákvætt í erindið að uppfylltum framangreindum atriðum.*

---

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt